



Reykjavík 21. nóvember 2022

Niðurstöður könnunar- og matsferlis hjá Sparisjóði Austurlands hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands leggur mat á áhættuþætti í starfsemi fjármála-fyrirtækja í könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) og með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlar þá í starfseminni, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í ferlinu er meðal annars lagt mat á viðskiptaáætlun, stjórnarhætti, útlána-, mót-aðila- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og álagspróf. Við mat á þessum áhættuþáttum er stuðst við [Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum \(SREP\)](#) sem byggja á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni. Jafnframt er höfð hliðsjón af ýmsum öðrum viðmiðunarreglum.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um það að hve miklu leyti þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættuþátta séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Á grundvelli könnunar- og matsferlisins hefur fjármálaeftirlitið meðal annars heimild til að mæla fyrir um hærra eiginfjárhlutfall en sem nemur hinu 8% lögbundna lágmarki, endurbætur á innri ferlum, niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, hömlur eða takmörkun á starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis og að dregið sé úr áhættu sem starfsemi þess felur í sér. Þá getur fjármálaeftirlitið komið ýmsum athugasemdum og ábendingum á framfæri í ferlinu.

Sparisjóður Austurlands hf. skilaði fjármálaeftirlitinu mati sínu á eiginfjárförf, miðað við 31. desember 2021, með svokallaðri ICAAP/ILAAP-skýrslu í maí 2022. Í kjölfar móttöku skýrslunnar hófst fjármálaeftirlitið handa við að kanna efni hennar og greina upplýsingar sem þar komu fram og afla frekari upplýsinga auk þess sem byrjað var að leggja mat á helstu áhættuþætti í starfsemi sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið sendi sparisjóðnum drög að niðurstöðum könnunar- og matsferlisins um miðjan júlí 2022 og fékk sparisjóðurinn tækifæri til að koma á framfæri andmælum, sbr. IV. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Engin andmæli bárust frá sparisjóðnum. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið þeim þætti könnunar- og matsferlisins sem snýr að mati á eiginfjárförf og sendi Sparisjóði Austurlands hf. bréf um niðurstöðuna dags. 8. nóvember sl.

Viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn Sparisjóðs Austurlands hf. (Stoð II-R)

Niðurstaðan var að Sparisjóður Austurlands hf. skyldi frá 26. október 2022 viðhalda viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 5,5% af áhættugrunni. Viðbótarkrafan kemur til vegna útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu og markaðs- og fastvaxtaáhættu, sem ekki var nægjanlega tekið tillit til við útreikning á grunnkröfu um eiginfjárgrunn (stoð I). Viðbótarkrafan skiptist þannig að almennt eigið fé þáttar 1 skal nema að lágmarki 3,1% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 4,1% af áhættugrunni.

Viðbótareiginfjáarkrafan kemur til viðbótar grunnkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagðri kröfu um eiginfjárauka:

- Grunnkrafa um eiginfjárgrunn (stoð I) nemur 8% af áhættugrunni. Af kröfunni skal almennt eigið fé þáttar 1 nema að lágmarki 4,5% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 6% af áhættugrunni.
- Samanlögð krafa um eiginfjárauka nemur 7,5% af áhættugrunni og skal henni vera að fullu mætt með almennu eigin fé þáttar 1.

Heildarkrafa um eiginfjárgrunn Sparisjóðs Austurlands hf. nemur því 21% af áhættugrunni og samanstendur af grunnkröfu um eiginfjárgrunn, viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagðri kröfu um eiginfjárauka.